



Lárus Blöndal  
Skeggjagötu 9  
105 Reykjavík

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 2. mars 2018  
Tilv.: FOR18010175/2.4.1

Efni: Skipun í nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga

Forsætisráðherra hefur ákveðið, í samræmi við niðurstöðu fundar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launatölfræði þann 19. janúar sl., að skipa nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga.

Verkefni nefndarinnar eru að skoða aðferðafræði um launatölfræði á Íslandi, alþjóðlega launatölfræði og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, þarfir vinnumarkaðarins á þessu sviði og hugmyndir um stofnun launatölfræðinefndar að erlendri fyrirmynd og gera tillögur um umbætur og úrvinnslu á nýtingu launatölfræðiupplýsinga.

Þér eruð hér með skipaður í nefndina. Nefndin er þannig skipuð: Lárus Blöndal, fulltrúi forsætisráðuneytisins, sem jafnframt verður formaður nefndarinnar, Pétur Jónasson, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, fulltrúi velferðarráðuneytisins, Benedikt Valsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, fulltrúi Hagstofu Íslands, Rannveig Sigurðardóttir, fulltrúi Seðlabanka Íslands, Emma Björg Eyjólfsdóttir, fulltrúi ríkissáttasemjara, Henný Hinz, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Helga Jónsdóttir, fulltrúi BSRB, Georg Brynjarsson, fulltrúi Bandalags háskólamanna, Oddur S. Jakobsson, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Ólafur Garðar Halldórsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok árs 2018.

Formaður mun boða nefndina til fyrsta fundar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í nefndinni.